

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Fuglavernd vill gera athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdals og sérstaklega umhverfisskýrslu þá sem lögð er til grundvallar tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Sérstaklega er það umfjöllun um fugla við Dyrhólaós sem er athugasemdaverð.

Á bls. 7 í umhverfisskýrslunni kemur fram að „vegagerð á láglandi Mýrdalsins og um jarðgöng í Reynisfjalli mun koma til með að raska votlendissvæðum og landbúnaðarlandi“ og sé „líkleg til að raska á tilteknum kafla vistkerfi (mýrar og flóar, 3 ha eða stærri) sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999“. Þetta gengur gegn því markmiði aðalskipulagsins að „ekki verði gengið á landbúnaðarland“. Sömuleiðis gengur þetta gegn því markmiði í stefnumótun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun, Velferð til framtíðar, að „forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands“.

Kaflinn um fugla í umhverfisskýrslunni er hvorki fugl né fiskur. Á bls. 11 stendur þetta: Í matsvinnunni kom fram að Dyrhólaós hefur ákveðnu hlutverki að gegna fyrir fuglalíf. Líta ber á ósinn og gróðurlendið fyrir ofan hann sem eitt búsvæði og/eða dvalarsvæði fyrir fugla. Þar eru til staðar vistfræðilegar forsendur fyrir ríku fuglalífi. Farfuglar fara um svæðið einkum að vori og á haustin en þeir náttu sig gjarnan í slíkum ósum en fljúga upp á beitolnd á daginn.

Vegur um bakka óssins mun skera ósinn frá gróðurlendinu fyrir ofan og gæti það haft neikvæð áhrif á ferðir fugla milli þessara búsvæða.

Sömuleiðis stendur þetta á bls. 11: Rætt var um möguleika þess að fuglar aðlagist breytingum sem verða vegna vegagerðar og tilheyrandi umferðar. Einnig voru í matsteyminu almennar umræður um þróun fuglalífs á svæðinu og bent á að það hafi tekið talsverðum breytingum í gegnum tíðina og ekki síst á síðustu árum.

Þessi fullyrðing er ekki rökstudd nánar né skýrð með athugunum eða talningum. Eru þessar breytingar fjölgun eða fækkun? Hjá hvaða tegundum?

Á sömu blaðsíðu stendur þetta:

Niðurstaða umræðu um fuglalíf er að miðað við aðstæður á svæðinu er líklegt að fuglafána áhrifasvæðis sé fjölbreytt, en ákveðin óvissa er hins vegar um nákvæma samsetningu hennar. Fjöldi fugla á svæðinu er líklega háður fæðuöflun í Dyrhólaós. Ekki er vitað til þess að sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem gætu verið sérstaklega viðkvæmar fyrir breytingum búi og/eða verpi á svæðinu. Aðgengi manna að svæðinu er þó gott og heimsótt af fuglaskoðurum og því ekki um óþekkt svæði að ræða. Óvissan um fuglalíf á svæðinu er ekki það mikil að hún takmarki möguleika til að taka ákvörðun um legu vegar í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Fullyrðing þess efnis „að sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem gætu verið sérstaklega viðkvæmar fyrir breytingum búi og/eða verpi á svæðinu“ er algerlega órökstudd, þar sem mjög takmarkaðar athuganir eru til frá ósnum. Þær litlu athuganir sem eru til benda þvert á móti til að ósinn skipti miklu máli fyrir umferð farfugla á vorin og

síðsumars. Sem dæmi má nefna að hinn 22. apríl 2010 sáust milli 1000 og 1500 jaðrakana við ósinn, yfir 200 helsingjar og nærri 300 heiðagæsir, fyrir utan fjölmarga aðra fugla. Síðsumars skipta lóuþrælar hundruðum á grunnu vatni í ósnum. Ef þetta er regluleg viðdvöl jaðrakana í ósnum, nær hann að verða skráður sem Alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (Importand Bird Areas skv. skilgreiningu BirdLife International, Alþjóða fuglaverndarsamtakanna) eingöngu vegna jaðrakans og jafnframt nær hann viðmiðum Ramsar sáttmálans um vernd votlendis og votlendisfugla. Þetta dæmis sýnir hversu þekkingu er ábótavant um fuglalíf á Dyrhólaósi. Engar magnbundnar athuganir hafa verið gerðar á varpfuglum við Dyrhólaós, nema í Dyrhólaey.

Í lok kaflans um fuglalíf við Dyrhólaós stendur: „Lagt er til að fuglalíf á svæðinu verði kortlagt nánar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, m.a. til þess að ganga úr skugga um hvort tegundir með verndargildi séu á áhrifasvæði vegar og möguleg áhrif á þær.“ Þetta er góðra gjalda vert, en þessi kortlagning þarf að eiga sér stað áður en tekin er ákvörðun um veglínu í aðalskipulagi.

Að lokum: austan Reynisfjalls er gert ráð fyrir að veglínan liggi eftir fjörukambinum örskammt sunnan íbúðabyggðar, barnaskóla og íþróttasvæðis og nærri líffræðilega og vistfræðilega merkilegum búsvæðum sjófugla, smádýra og gróðurs í austurhlíðum Reynisfjalls. Með þessu yrði Víkurfjöru, ásýnd hennar og aðliggjandi svæða og gildi hennar til náttúruskoðunar og útivistar fyrir heimamenn og ferðamenn stórspillt.

21. nóvember 2011

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður